

Varðar: Snorrabraut 83 - umsögn um rekstrarleyfi

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulaginu tilheyrir Snorrabraut 83 borgarhluta 3 Hlíðar og er á skilgreindu íbúðasvæði ÍB 13.

Ekkert deiliskipulag er í gildi á lóðinni.



Loftmynd af umræddri lóð, frá skipulagssjá



Götumynd séð frá Auðarstræti



Mynd af umræddu svæði á lóðinni, frá umsækjanda

Umsögn:

Húsið á lóð nr. 83 við Snorrabraut er íbúarhúsnæði, byggt árið 1943 skv. fasteignaskrá. Í húsinu er nú þegar rekin gististaður í flokki II. Óskað er umsagnar skipulagsfulltrúa á umsókn um rekstrarleyfi fyrir gistingu í flokki II í bílskúr á umræddri lóð, með aðgengi frá Auðarstræti.

Samkvæmt aðalskipulagi er Snorrabraut 83 staðsett á íbúðasvæði við aðalgötu og meðfram aðalgötum er heimil fjölbreyttari landnotkun. Bílskúrin sem um ræðir snýr þó að Auðarstræti sem ekki er við aðalgötu en þá gildir ekki ákvæði um fjölbreyttari landnotkun og því ei heimilt að vera með gististað í flokki II. Aðeins er heimilt að vera með gistileyfi í flokki I, heimgistingu í 90 daga á ári.

Niðurstaða:

- Ekki er hægt að fallast á erindið við veitingu rekstrarleyfis fyrir gistingu í flokki II í bílskúr á lóð nr. 83 við Snorrabraut, samræmist ekki aðalskipulagi.

f.h skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Katrín Eir Kjartansdóttir, sérfræðingur